

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 171/1956. **Ragnar Björnsson**

gegn

Einari Gunnari Einarssyni.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Frests synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. desember f. á., er barst Hæstarétti 31. s. m. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, honum veittur framhaldsfrestur til 8. janúar þ. á. og varnaraðilja dæmt að greiða kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þá ber og að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem telst eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ragnar Björnsson, greiði varnaraðilja, Einari Gunnari Einarssyni, kr. 1500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1956.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. þ. m., hefur Einar Gunnar Einarsson héraðsdómslögmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. f. m., gegn Ragnari Björnsyni, Blönduhlíð 24, og Jóni Ingimundarsyni, Holtsgötu 1, báðum

hér í bænum, til greiðslu á víxli, að fjárhæð kr. 102.251.50, sem útgefinn var 5. október 1955 af stefnda Jóni Ingimundarsyni og samþykktur af stefnda Ragnari Björnssyni til greiðslu í Útvegsbanka Íslands h. f. hér í bæ, en víxill þessi var afsagður vegna greiðslufalls 4. október s. l.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér fjárhæð víxilsins, kr. 102.251.50 með 7% ársvöxtum frá 4. október 1956 til greiðsludags, kr. 116.00 í afsagnarkostnað, kr. 247.20 í stimpilkostnað, 1/3% víxilfjárhæðarinnar í þóknun, eða kr. 340.80, og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómarans.

Stefndu byggja kröfu sína á víxli þeim, sem hér að framan er getið og lagður hefur verið fram í málinu. Er víxillinn ábektur af útgefanda.

Mál þetta var þingfest 27. f. m. Af hálfu stefnda Jóns var þá ekki sótt dómþing. Af hálfu stefnda Ragnars var mætt, og fékk hann frest í eina viku til ritunar greinargerðar. Er málið kom fyrir þann 4. þ. m., skilaði stefndi Ragnar ekki greinargerð, en lagði fram tvær ljósmyndir af kvittunum og fékk bókað eftirfarandi:

„Eg legg fram ljósmynduð afrit af kvittunum, er sýna, að hinn umstefndi víxill er þegar að fullu greiddur meðstefnda Jóni Ingimundarsyni.

Svo lítur út sem meðstefndi Jón Ingimundarson hafi framselt víxilinn þriðja manni, eftir að hann móttók greiðslu á víxlinum. Umbjóðandi minn telur nauðsynlegt að fá þetta athæfi upplýst með rannsókn hjá sakadómara. Eg bið því um frest til 8. janúar n. k.“

Umboðsmaður stefnanda mótmælti bókuninni og hinum framlögðu skjölum sem röngum og málinu óviðkomandi og neitaði að veita frekari frest. Atriðið var þá tekið til úrskurðar.

Kvittanir þær, sem af hálfu stefnda Ragnars hafa verið lagðar fram, eru dagsettar 21. júlí 1955 og 25. september s. á., önnur að fjárhæð kr. 120.000.00, en hin að fjárhæð kr. 25.000.00. Fjárhæðum kvittananna ber því ekki heim við fjárhæð víxilsins í máli þessu, og þar sem kvittanirnar eru báðar dagsettar, áður en víxillinn var gefinn út, þykir nokkuð vafasamt, að þær geti við hann átt.

Stefndi Ragnar byggir varnir sínar á því, að víxillinn sé greiddur. Með því að víxillinn ber það á engan hátt með sér, að hann hafi verið greiddur, verður að líta svo á með skírskotun til 208. gr. laga nr. 85/1936, að vörn þessi komizt ekki að í máli þessu,

sem er víxilmál. Með hliðsjón af framangreindu og þar sem stefndi hefur þegar haft tækifæri til að tjá sig um málið að öðru leyti, verður synjað um hinn umbeðna frest.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 6/1957. Sæmundur Ólafsson f. h. eigenda m/b Sigurðar Stefánssonar

gegn

Ingólfi G. S. Espholin.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Línadal prófessor.

Frávisun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. desember 1956, er barst Hæstarétti hinn 9. janúar 1957, og krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1000.00.